

AUGLÝSING

um samning milli Evrópsku réttaraðstoðarinnar (Eurojust) og Íslands.

Samningur milli Evrópsku réttaraðstoðarinnar (Eurojust) og Lýðveldisins Íslands, sem gerður var í Brussel 2. desember 2005, öðlaðist gildi 21. nóvember 2006.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 24. nóvember 2006.

Valgerður Svverisdóttir.

Grétar Már Sigurðsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR milli Lýðveldisins Íslands og Evrópsku réttaraðstoðarinnar (Eurojust)

Lýðveldið Ísland og Evrópska réttaraðstoðin (Eurojust) (hér á eftir nefnd „samningsaðilar“), með hliðsjón af ákvörðun ráðsins frá 28. febrúar 2002 um að koma á fót Eurojust með það fyrir augum að efla baráttuna gegn alvarlegum glæpum, einkum c-lið 1. mgr. og 3. mgr. 27. gr., með hliðsjón af álitni sameiginlegu eftirlitsstofnunarinnar frá 6. júní 2005,

sem hafa í huga hagsmuni Íslands og Eurojust af að taka upp nána og virka samvinnu til að bregðast við þeim vanda sem alvarlegir glæpir, oft framdir af fjölþjóðlegum samtökum, valda nú og í framtíðinni,

sem hafa í huga nauðsyn þess að bæta réttarsamvinnu Íslands og Eurojust til að auðvelda samræmingu rannsókna og málsókna sem taka til yfirráðasvæðis Íslands og eins eða fleiri aðildarríkja,

sem hafa í huga að Ísland hefur fullgilt samning Evrópuráðsins frá 28. janúar 1981 um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga, sem einnig gegnir grundvallarhlutverki í gagnaverndarkerfi Eurojust,

sem hafa í huga þá viðtæku vernd sem persónuupplýsingar njóta í Evrópusambandinu, einkum vinnsla persónuupplýsinga í samræmi við Eurojust-ákvörðunina frá 28. febrúar 2002 um stofnun Evrópsku réttaraðstoðarinnar (Eurojust), starfsreglur Eurojust varðandi gagnavernd og aðrar viðeigandi reglur,

sem virða grundvallarréttindi og meginreglur Evrópusáttmálans um verndun mannréttinda og mannfrelsis sem endurspeglast í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi,

sem hafa í huga að Ísland hefur þegar nán tengsl við dómsmála- og löggæslusamvinnu aðildarríkjanna með samningnum sem ráð Evrópusambandsins og Lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna og með samningnum milli Lýðveldisins Íslands og Evrópulögreglunnar (Europol) um samstarf í baráttunni gegn alvarlegri alþjóðlegri glæpastarfsemi og hefur undirritað samning um beitingu tiltekinna ákvæða samningsins um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum milli aðildarríkja Evrópusambandsins,

sem hafa í huga að Ísland er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið,

sem hafa í huga að Ísland hefur einnig nán tengsl við hin norrænu aðildarríki Evrópusambandsins vegna norrænnar dómsmála- og löggæslusamvinnu, og

HAFU ORÐIÐ ÁSÁTT UM EFTIRFARANDI:

1. gr.

Skilgreiningar.

Í samningi þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „Eurojust-ákvörðunin“: ákvörðun ráðsins frá 28. febrúar 2002 um stofnun Evrópsku réttaraðstoðarinnar (Eurojust) með það fyrir augum að efla baráttuna gegn alvarlegum glæpum,
- b) „aðildarríki“: aðildarríki Evrópusambandsins,
- c) „fagráð“: fagráð Eurojust, eins og um getur í 10. gr. Eurojust-ákvörðunarinnar,
- d) „landsfulltrúi“: sá fulltrúi sem hvert aðildarríki Evrópusambandsins útnefnir til starfa hjá Eurojust, eins og um getur í 1. mgr. 2. gr. Eurojust-ákvörðunarinnar,
- e) „aðstoðarmaður“: einstaklingur sem hver landsfulltrúi getur fengið sér til aðstoðar, eins og um getur í 2. mgr. 2. gr. Eurojust-ákvörðunarinnar, nema aðrar skilgreiningar eigi við í þessum samningi,
- f) „framkvæmdastjóri“: framkvæmdastjóri eins og um getur í 29. gr. Eurojust-ákvörðunarinnar,
- g) „starfsfólk Eurojust“: starfsfólkið sem um getur í 30. gr. Eurojust-ákvörðunarinnar,
- h) „starfsreglur Eurojust varðandi gagnavernd“: starfsreglur við vinnslu og vernd persónuupplýsinga hjá Eurojust, sem ráð Evrópusambandsins samþykkti 24. febrúar 2005,
- i) „persónuupplýsingar“: hvers konar upplýsingar um persónugreinindan eða persónugreinanlegan einstakling („skráðan aðila“). Maður telst persónugreinanlegur ef unnt er að greina hann, beint eða óbeint, s.s. með tilvísun í kennitölu eða einn eða fleiri þætti sem sérkenna hann í líkamlegu, lífeðlisfræðilegu, andlegu, efnalegu, menningarlegu eða félagslegu tilliti,
- j) „vinnsla persónuupplýsinga“: aðgerð eða röð aðgerða, rafrænna eða annarra en rafrænna, svo sem söfnun, skráning, kerfisbinding, geymsla, aðlögun eða breyting, heimt, leit, notkun, miðlun með framsendingu, dreifing eða aðrar aðferðir til að gera upplýsingarnar tiltækar, samantenging eða samkeyrsla, aðgangstakmörkun, afmáun eða eyðilegging.

2. gr.

Markmið samningsins.

Markmiðið með þessum samningi er að auka samvinnu milli Íslands og Eurojust í baráttunni gegn alvarlegum alþjóðlegum glæpum.

3. gr.

Umfang samvinnu.

Ísland og Eurojust skulu hafa með sér samvinnu á þeim starfssviðum, sem um getur í 6. og 7. gr. Eurojust-ákvörðunarinnar og eru innan valdsviðs Eurojust, eins og fram kemur í 4. gr. Eurojust-ákvörðunarinnar.

4. gr.

Lögbært yfirvald.

Lögbært yfirvald Íslands til að annast framkvæmd þessa samnings er Ríkissaksóknari Íslands og yfirvöld sem undir hann heyra og fara með ákærvald.

5. gr.

Sendisaksóknari hjá Eurojust.

1. Til að greiða fyrir samvinnu, eins og mælt er fyrir um í þessum samningi, og í samræmi við ákvæði 3. mgr. 27. gr. Eurojust-ákvörðunarinnar er Íslandi heimilt að tilnefna sendisaksóknara hjá Eurojust.
2. Sendisaksóknari skal vera saksóknari samkvæmt íslenskum lögum. Ísland skal ákveða umboð og starfstíma.
3. Sendisaksóknari getur haft einn mann sér til aðstoðar. Aðstoðarmaðurinn getur komið í hans stað þegar nauðsyn krefur.
4. Ísland skal gera Eurojust grein fyrir því af hvaða toga og hversu víðtækar valdheimildir sendisaksóknari hefur á yfirráðasvæði þess til að sinna hlutverki sínu í samræmi við markmið þessa samnings. Ísland skal fastsetja valdsvið sendisaksóknara síns að því er varðar aðgerðir

- í tengslum við erlend dómsyfírvöld. Eurojust skuldbindur sig til að stuðla að samþykki og viðurkenningu þeirra heimilda sem þannig eru veittar.
5. Sendisaksóknari skal hafa sama aðgang að upplýsingum í íslenskri sakaskrá og öðrum skráum á Íslandi og saksóknarar, eða aðilar með jafngilt valdsvið, hafa samkvæmt íslenskum lögum.
 6. Sendisaksóknara er heimilt að hafa beint samband við íslensk yfírvöld sem fara með ákærvald.
 7. Eurojust skal leitast við að láta sendisaksóknara í té viðunandi aðstöðu, þar á meðal aðgang að skrifstofu og fjarskiptaþjónustu, að því marki sem aðstaða og fjárlög Eurojust leyfa. Eurojust getur krafist endurgreiðslu, að hluta eða í heild, á kostnaði sem stofnað er til við að veita þessa aðstöðu.
 8. Vinnuskjöl sendisaksóknara skulu njóta friðhelgi gagnvart Eurojust.

6. gr.

Tengiliður við Eurojust.

1. Ísland skal koma á fót eða tilnefna a.m.k. einn tengilið við Eurojust sem heyrir undir lögbært yfirvald á Íslandi.
2. Ísland skal tilnefna einn tengiliða sinna sem innlendan samskiptafulltrúa Íslands vegna hryðjuverka, skipulagðrar afbrotastarfsemi og annarra glæpa og skal hann hafa með höndum verkfærni jafngild þeim sem um getur í 12. gr. Eurojust-ákvörðunarinnar.

7. gr.

Reglulegt samráð.

Samningsaðilar skulu hafa með sér reglulegt samráð, a.m.k. einu sinni á ári, um framkvæmd þessa samnings. Einkum skulu reglulega fara fram skoðanaskipti varðandi framkvæmd og frekari þróun á sviði gagnaverndar og gagnaöryggis.

8. gr.

Fundir um starfshætti og stefnumótun.

1. Sendisaksóknari, aðstoðarmaður hans og önnur íslensk yfírvöld, sem fara með ákærvald, þ.m.t. tengiliður við Eurojust, geta tekið þátt í fundum um starfshætti og stefnumótun að boði forseta fagráðsins og að fengnu samþykki hlutaðeigandi landsfulltrúa.
2. Landsfulltrúar og aðstoðarmenn þeirra og framkvæmdastjóri og starfsfólk Eurojust geta einnig setið fundi sem eru skipulagðir af sendisaksóknara eða öðrum íslenskum yfírvöldum, sem fara með ákærvald, þ.m.t. tengilið við Eurojust.

9. gr.

Upplýsingaskipti.

1. Samningsaðilum er heimilt, samkvæmt samningnum og í samræmi við hann, að skiptast á öllum upplýsingum, sem eru nauðsynlegar, viðeigandi og ekki of ítarlegar, í því skyni að ná markmiðum hans, eins og mælt er fyrir um í 2. gr.
2. Öll upplýsingaskipti milli samningsaðila skulu fara í gegnum tengiliðinn við Eurojust og hlutaðeigandi landsfulltrúa. Þegar sendisaksóknari hefur verið skipaður skulu öll upplýsingaskipti fara fram milli Eurojust og sendisaksóknarans.
3. Ísland skal tryggja að bakgrunnur tengiliðar við Eurojust og sendisaksóknara hafi verið kannaður á viðeigandi innlendum vettvangi áður en þeir fá heimild til að vinna slíkar upplýsingar.

10. gr.

Miðlun upplýsinga til Eurojust.

1. Um leið og upplýsingum er miðlað eða áður en það er gert skal Ísland tilkynna Eurojust um tilgang upplýsingagjafar og hvort notkun upplýsinganna sé háð takmörkunum. Þetta á einnig við um mögulegar takmarkanir á aðgangi, takmarkanir á sendingu til lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna og skilyrði varðandi eyðingu eða eyðileggingu. Einnig má tilkynna um það síðar ef í ljós kemur að þörf er á slíkum takmörkunum eftir að þær hafa verið látnar í té.
2. Eurojust skal ekki miðla neinum upplýsingum, sem Ísland hefur látið í té, til þriðja ríkis eða stofnunar án samþykkis Íslands og viðeigandi varúðarráðstafana.

3. Eurojust skal halda skrá yfir gögn sem miðlað er frá Íslandi til Eurojust samkvæmt þessum samningi.

11. gr.

Miðlun upplýsinga til Íslands.

Um leið og upplýsingum er miðlað eða áður en það er gert skal Eurojust tilkynna Íslandi um tilgang upplýsingagjafar og hvort notkun upplýsinganna sé háð takmörkunum. Þetta á einnig við um mögulegar takmarkanir á aðgangi, takmarkanir á sendingu frá lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna og skilyrði varðandi eyðingu eða eyðileggingu. Einnig má tilkynna um það síðar ef í ljós kemur að þörf er á slíkum takmörkunum eftir að þær hafa verið látnar í té.

Ísland skal ekki miðla neinum upplýsingum, sem Eurojust hefur látið í té, til þriðja ríkis eða stofnunar án samþykkis hlutaðeigandi landsfulltrúa og án viðeigandi varúðarráðstafana.

Ísland skal halda skrá yfir gögn sem Eurojust hefur miðlað til Íslands samkvæmt þessum samningi.

12. gr.

Vinnsla persónuupplýsinga sem Ísland lætur í té.

1. Eurojust skal tryggja að persónuupplýsingar, sem Ísland lætur í té, njóti a.m.k. jafnmikillar verndar og leiðir af beitingu meginreglna samnings Evrópuráðsins frá 28. janúar 1981 um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga og síðari breytingar við hann.
2. Þær meginreglur og reglur um gagnavernd, sem mælt er fyrir um í Eurojust-ákvörðuninni, einkum 17. gr., og í starfsreglum Eurojust um gagnavernd, gilda um vinnslu persónuupplýsinga sem Ísland lætur í té.

13. gr.

Vinnsla persónuupplýsinga sem Eurojust lætur í té.

1. Ísland skal tryggja að persónuupplýsingar, sem Eurojust lætur í té, njóti a.m.k. jafnmikillar verndar og leiðir af beitingu meginreglna framangreinds Evrópuráðssamnings og síðari breytinga við hann.
2. Ísland skal beita meginreglum um vinnslu og vernd persónuupplýsinga, sem Eurojust lætur í té, sem eru a.m.k. jafngildar þeim sem kveðið er á um í Eurojust-ákvörðuninni og í starfsreglum Eurojust um gagnavernd.

14. gr.

Gagnaöryggi.

1. Eurojust skal tryggja að persónuupplýsingar, sem hún tekur við, séu varðar gegn óviljandi eða ólöglegri eyðileggingu, því að þær glattist fyrir slysi og óleyfilegum afhendingum, breytingum eða aðgangi og allri annarri óheimilli vinnslu í samræmi við 22. gr. Eurojust-ákvörðunarinnar. Tæknilegar ráðstafanir og skipulagsráðstafanir, sem kveðið er á um í starfsreglum Eurojust um gagnavernd og í öðrum viðeigandi skjölum, gilda um þær upplýsingar sem Ísland lætur í té.
2. Ísland skal tryggja að persónuupplýsingar, sem tekið er við séu varðar gegn óviljandi eða ólöglegri eyðileggingu, því að þær glattist fyrir slysi og óleyfilegum afhendingum, breytingum eða aðgangi og allri annarri óheimilli vinnslu með a.m.k. sambærilegum hætti og kveðið er á um í meginreglunum sem mælt er fyrir um í 22. gr. Eurojust-ákvörðunarinnar. Ísland skal koma á tæknilegum varnarráðstöfunum og skipulagsráðstöfunum sem eru a.m.k. jafngildar ráðstöfunum Eurojust.

15. gr.

Réttur skráðra aðila.

Skráðir aðilar skulu eiga rétt á aðgangi að persónuupplýsingum sem þá varða og Eurojust vinnur í samræmi við meginreglur og reglur Eurojust-ákvörðunarinnar og á því að þær séu leiðréttar, aðgangi að þeim lokað eða þeim eytt.

16. gr.

Leiðrétting og eyðing persónuupplýsinga.

1. Að beiðni tengiliðarins við Eurojust eða sendisaksóknara og á ábyrgð hans skal Eurojust, í samræmi við Eurojust-ákvörðunina og starfsreglur Eurojust um gagnavernd, leiðrétta, loka aðgangi að eða eyða persónuupplýsingum sem Ísland hefur látið í té ef þær eru rangar eða ófullnægjandi eða ef innsetning þeirra eða geymsla brýtur í bága við þennan samning. Eurojust skal staðfesta við Ísland að leiðrétting, lokun aðgangs eða eyðing hafi átt sér stað.
2. Veiti Eurojust því athygli að persónuupplýsingar, sem sendar eru til Íslands, eru rangar eða ófullnægjandi eða ef innsetning þeirra eða geymsla brýtur í bága við samning þennan eða Eurojust-ákvörðunina skal hún fara fram á það að tengiliðurinn við Eurojust eða sendisaksóknari geri nauðsynlegar ráðstafanir til að leiðrétta þær, loka aðgangi að þeim eða eyða þeim. Ísland skal staðfesta við Eurojust að leiðrétting, lokun aðgangs eða eyðing hafi átt sér stað.
3. Í þeim tilvikum sem um getur í 1. og 2. mgr. skal öllum, sem láta í té og taka við slíkum upplýsingum, gert viðvart þegar í stað. Viðtakendur skulu, í samræmi við þær reglur sem um þá gilda, því næst leiðrétta, loka aðgangi að eða eyða þessum upplýsingum í sínum eigin kerfum.
4. Ísland skal beita meginreglum um leiðréttingu á, lokun aðgangs að og eyðingu persónuupplýsinga, sem Eurojust lætur í té, sem eru a.m.k. jafngildar þeim meginreglum sem um getur í 20. gr. Eurojust-ákvörðunarinnar og í starfsreglum Eurojust um gagnavernd.
5. Þegar fagráðið tekur til umfjöllunar vinnslu upplýsinga sem varða einstaklinga sem heyra undir íslenska lögsögu, í samræmi við 4. mgr. 17. gr. Eurojust-ákvörðunarinnar, er sendisaksóknara eða öðrum íslenskum yfirvöldum, sem fara með ákærvald, þ.m.t. tengilið við Eurojust, heimilt að sitja fund fagráðsins.

17. gr.

Ábyrgð.

1. Ísland skal, í samræmi við landslög, bera ábyrgð á tjóni sem einstaklingur verður fyrir vegna þess að í gögnum, sem skipst er á við Eurojust, er að finna laga- eða staðreyndavillur. Ísland skal ekki beita því fyrir sig að Eurojust hafi sent ónákvæm gögn til að verjast ábyrgð að landslögum gagnvart þeim sem brotið er gegn.
2. Verði laga- eða staðreyndavilla rakin til mistaka við sendingu upplýsinga af hálfu Eurojust, aðildarríkis Evrópusambandsins eða annars þriðja ríkis eða þriðja aðila er Eurojust skylt, með fyrirvara um 24. gr. Eurojust-ákvörðunarinnar, að endurgreiða, sé um það beðið, þá fjárhæð sem greidd var í bætur skv. 1. mgr., enda hafi upplýsingarnar ekki verið notaðar í bága við samning þennan. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda einnig ef laga- eða staðreyndavillu má rekja til þess að Eurojust eða eitt aðildarríkja Evrópusambandsins eða annað þriðja ríki eða þriðji aðili hefur ekki staðið við skuldbindingar sínar.
3. Ef Eurojust er skylt að endurgreiða aðildarríkjum Evrópusambandsins eða öðru þriðja ríki eða þriðja aðila bætur sem greiddar voru tjónþola og ef rekja má bótagreiðsluna til þess að Ísland hefur ekki staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum, er Íslandi skylt að endurgreiða þá fjárhæð sem Eurojust hefur greitt aðildarríki eða öðru þriðja ríki eða þriðja aðila í skaðabætur, komi fram beiðni þar um.
4. Samningsaðilar skulu ekki krefjast þess að gagnaðili greiði skaðabætur skv. 2. og 3. mgr. ef um er að ræða refsiskaðabætur, auknar bætur eða aðrar bætur sem eru ekki eiginlegar skaðabætur.

18. gr.

Lausn deilumála.

1. Ef upp kemur deila milli samningsaðila um túlkun eða framkvæmd samnings þessa, eða álitaefni sem hefur áhrif á samband samningsaðila, sem ekki er unnt að leysa í vinsemd, skal málið lagt í endanlegan úrskurð þriggja gerðardómsmanna að beiðni annars hvors deiluaðilans. Hvor samningsaðili skal tilnefna einn gerðardómara. Þann þriðja, sem skal vera formaður gerðardómsins, skulu hinir fyrstu tveir gerðardómsmennirnir velja.
2. Gerðardómur setur sér starfsreglur, nema samningsaðilar komi sér saman um annað.
3. Í gerðardómi ræður meirihluti atkvæða. Atkvæði formanns ræður úrslitum. Niðurstaða gerð-

ardóms er endanleg og bindandi fyrir deiluaðila.

4. Hvor aðili um sig áskilur sér rétt til að fresta skuldbindingum sínum samkvæmt samningi þessum þegar málsmeðferð þessarar greinar er fylgt eða kann að vera fylgt skv. 1. mgr. eða hvenær sem samningsaðili telur að hinn samningsaðilinn hafi ekki staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum.

19. gr.

Uppsögn samningsins.

1. Samningsaðili getur sagt samningi þessum upp með þriggja mánaða fyrirvara.
2. Sé samningnum sagt upp skulu samningsaðilar koma sér saman um áframhaldandi notkun og geymslu þeirra upplýsinga sem þegar hafa verið sendar milli þeirra. Verði ekki af samkomulagi getur hvor samningsaðila sem er krafist þess að þeim upplýsingum, sem hann hefur sent, verði eytt.

20. gr.

Breytingar.

1. Samningi þessum má breyta hvenær sem er með samkomulagi samningsaðila í samræmi við lagaákvæði hvors aðila um sig.
2. Samningsaðilar skulu hafa með sér samráð varðandi breytingar á samningi þessum að beiðni annars hvors aðilans.

21. gr.

Gildistaka.

Samningur þessi öðlast gildi á þeim degi sem hvor samningsaðili um sig tilkynnir hinum skriflega að skilyrði laga hafi verið uppfyllt.

Gjört í Brussel annan dag desembermánaðar árið tvö þúsund og fimm, í tvíriti á íslensku og ensku og eru báðir textar jafngildir.

Fyrir hönd lýðveldisins Íslands

Björn Bjarnason

Dóms- og kirkjumálaráðherra

Fyrir hönd Evrópsku réttar-
aðstoðarinnar (Eurojust)

Michael KENNEDY

Forseti fagráðs Evrópsku
réttaraðstoðarinnar (Eurojust)

**Agreement
between the Republic of Iceland and Eurojust**

Eurojust and the Republic of Iceland (hereinafter referred to as ‘the Parties’),

Having regard to the Council Decision of 28 February 2002 setting up Eurojust with a view to reinforcing the fight against serious crime, and in particular Article 27(1)(c) and (3) thereof;

Having regard to the opinion of the Joint Supervisory Body of 6 June 2005;

Considering the interests of both Eurojust and the Republic of Iceland in developing a close and dynamic co-operation to meet the present and future challenges posed by serious crime often perpetrated by trans-national organisations;

Considering the necessity to improve judicial co-operation between Eurojust and the Republic of Iceland to facilitate the co-ordination of investigations and prosecutions covering the territory of Iceland and one or more Member States;

Considering that Iceland has ratified the Council of Europe Convention of 28 January 1981 for the Protection of Individuals with regard to Automatic Processing of Personal Data that also plays a fundamental role in the Eurojust data protection system;

Considering the high level of protection of personal data in the European Union, in particular the processing of personal data in accordance with the Eurojust Decision of 28 February 2002 establishing Eurojust, the Eurojust Rules of Procedure on Data Protection and other applicable rules;

Respecting the fundamental rights and principles of the European Convention on Human Rights and Fundamental Freedoms, which are reflected in the Charter of Fundamental Rights of the European Union;

Considering that Iceland is already closely associated with the justice and law enforcement co-operation of the Member States through the Agreement concluded by the Council of the European Union and the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway about the latter's association with the implementation, application and development of the Schengen acquis, and the Agreement between the Republic of Iceland and the European Police Unit (Europol) on co-operation in the fight against serious forms of international criminality, and has signed an Agreement on the application of certain provisions of the Convention on Mutual Assistance in Criminal Matters between Member States of the European Union;

Considering that Iceland is a party to the Agreement on the European Economic Area;

Considering that Iceland is also closely associated with the Nordic Member States of the European Union through the Nordic justice and law enforcement co-operation;

HAVE AGREED AS FOLLOWS:

Article 1
Definitions

For the purposes of this Agreement:

- a) ‘Eurojust Decision’ means the Council Decision of 28 February 2002 setting up Eurojust with a view to reinforcing the fight against serious crime;
- b) ‘Member States’ means the Member States of the European Union;
- c) ‘College’ means the College of Eurojust, as referred to in Article 10 of the Eurojust Decision;
- d) ‘National member’ means the national member seconded to Eurojust by each Member State of the European Union, as referred to in Article 2(1) of the Eurojust Decision;
- e) ‘Assistant’ means a person who may assist each National Member, as referred to in Article 2(2) of the Eurojust Decision, unless defined otherwise in this Agreement;
- f) ‘Administrative Director’ means the Administrative Director as referred to in Article 29 of the Eurojust Decision;
- g) ‘Eurojust staff’ means the staff referred to in Article 30 of the Eurojust Decision;
- h) ‘Eurojust rules of procedure on data protection’ means the rules of procedure for the processing and protection of personal data at Eurojust, approved by the Council of the European Union on 24 February 2005;
- i) ‘Personal data’ means any information relating to an identified or identifiable natural

- person ('data subject'). An identifiable person is one who can be identified, directly or indirectly, in particular by reference to an identification number or to one or more factors specific to his or her physical, physiological, mental, economic, cultural or social identity;
- j) 'Processing of personal data' means any operation or set of operations which are performed upon personal data, whether or not by automatic means, such as collection, recording, organisation, storage, adaptation or alteration, retrieval, consultation, use, disclosure by transmission, dissemination or otherwise making available, alignment or combination, blocking, erasure or destruction.

Article 2

Purpose of this Agreement

The purpose of this Agreement ('this Agreement') is to enhance the co-operation between Eurojust and the Republic of Iceland in the combating of serious forms of international crime.

Article 3

Scope of co-operation

Eurojust and the Republic of Iceland shall co-operate in the fields of activity as set forth in Articles 6 and 7 of the Eurojust Decision within the competences of Eurojust as set forth in Article 4 of the Eurojust Decision.

Article 4

The competent authority

The competent authority of Iceland for the execution of this Agreement is the Icelandic Director of Public Prosecutions and subordinate prosecuting authorities.

Article 5

Liaison Prosecutor to Eurojust

1. To facilitate co-operation as laid down in this Agreement, and in accordance with the provisions of Article 27(3) of the Eurojust Decision, Iceland may second a liaison prosecutor to Eurojust.
2. The liaison prosecutor shall be a public prosecutor subject to the national law of Iceland as regards his or her status. The mandate and the duration of secondment shall be determined by Iceland.
3. The liaison prosecutor may be assisted by one person. When necessary, the assistant may replace him or her.
4. Iceland shall inform Eurojust of the nature and extent of the judicial powers of the liaison prosecutor within its own territory in order to accomplish his or her tasks in accordance with the purpose of this Agreement. Iceland shall establish the competence of its liaison prosecutor to act in relation to foreign judicial authorities. Eurojust shall undertake to promote the acceptance and recognition of the prerogatives thus conferred.
5. The liaison prosecutor shall have access to the information contained in the national criminal records or in any other register of Iceland in the same way as stipulated by Icelandic law in the case of a prosecutor or person of equivalent competence.
6. The liaison prosecutor may contact the Icelandic prosecutorial authorities directly.
7. Eurojust shall endeavour to provide sufficient liaison facilities, which shall include the use of office space and telecommunications services, to the extent possible within the constraints of the Eurojust infrastructure and budget. Eurojust may request reimbursement of any or all expenses incurred by Eurojust in providing these facilities.
8. The working documents of the liaison prosecutor shall be held inviolable by Eurojust.

Article 6

Contact point to Eurojust

1. Iceland shall put in place or appoint at least one contact point to Eurojust within the office of the competent authority of Iceland.

2. Iceland shall designate one of its contact points as Icelandic national correspondent for terrorism, organised crime and for other criminal matters with tasks equivalent to those referred to in Article 12 of the Eurojust Decision.

Article 7

Regular consultations

The Parties shall consult each other regularly, and at least once a year, on the implementation of the provisions of this Agreement. In particular, regular exchanges of views shall take place with regard to the implementation and further developments in the field of data protection and data security.

Article 8

Operational and strategic meetings

1. The liaison prosecutor, his or her assistant, and other Icelandic prosecutorial authorities, including the contact point to Eurojust, may participate in operational and strategic meetings, at the invitation of the President of the College and with the approval of the national members concerned.
2. National members and their assistants, the Administrative Director and Eurojust staff may also attend meetings organised by the liaison prosecutor or other Icelandic prosecutorial authorities, including the contact point to Eurojust.

Article 9

Exchange of information

1. The Parties may exchange all information that is necessary, relevant and not excessive, for the purpose of and in accordance with this Agreement, in order to achieve its purpose as laid down in Article 2.
2. All information exchanged between the Parties shall be directed through the contact point to Eurojust and the national members concerned. Once a liaison prosecutor is appointed, all information shall be exchanged between Eurojust and the liaison prosecutor.
3. Iceland shall ensure that the contact point to Eurojust and the liaison prosecutor are screened at the appropriate national level for it to be permissible for them to process this information.

Article 10

Transfer of information to Eurojust

1. Iceland shall notify Eurojust, simultaneous with or before the transfer of information, of the purpose for which the information is supplied and of any restrictions on its use. This also includes possible access restrictions, restrictions on transmission to the competent authorities of the Member States and terms for deletion or destruction. Notification may also be given at a later stage, when the need for such restrictions becomes apparent after the transfer.
2. Eurojust shall not communicate any information provided by Iceland to any third state or body without the consent of Iceland and without the appropriate safeguards.
3. Eurojust shall keep a record of data communicated to Eurojust from Iceland under this Agreement.

Article 11

Transfer of information to Iceland

1. Eurojust shall notify Iceland, simultaneous with the transfer of information or before such transfer, of the purpose for which the information is supplied and of any restrictions on its use. This also includes possible access restrictions, restrictions on transmission from the competent authorities of the Member States and terms for deletion or destruction. Notification may also be given at a later stage, when the need for such restrictions becomes apparent after the transfer.
2. Iceland shall not communicate any information provided by Eurojust to any third state or body without the consent of the national members concerned and without the appropriate safeguards.

3. Iceland shall keep a record of data communicated to Iceland from Eurojust under this Agreement.

Article 12

Processing of personal data supplied by Iceland

1. Eurojust shall guarantee a level of protection for personal data supplied by Iceland at least equivalent to that resulting from the application of the principles of the Council of Europe Convention of 28 January 1981 for the Protection of Individuals with regard to Automatic Processing of Personal Data and subsequent amendments thereto.
2. The principles and rules concerning data protection laid down in the Eurojust Decision, especially Article 17, and in the Eurojust rules of procedure on data protection, shall apply to the processing of personal data supplied by Iceland.

Article 13

Processing of personal data supplied by Eurojust

1. Iceland shall guarantee a level of protection for personal data supplied by Eurojust at least equivalent to that resulting from the application of the principles of the above-mentioned Council of Europe Convention and subsequent amendments thereto.
2. Iceland shall apply principles for the processing and protection of personal data supplied by Eurojust at least equivalent to the principles laid down in the Eurojust Decision and in the Eurojust Rules of Procedure on data protection.

Article 14

Data security

1. Eurojust shall ensure that the personal data received are protected against accidental or unlawful destruction, accidental loss or unauthorised disclosure, alteration and access or any other unauthorised form of processing in accordance with Article 22 of the Eurojust Decision. The technical measures and organisational arrangements provided in the Eurojust rules of procedure on data protection and any other relevant document shall be applied to information supplied by Iceland.
2. Iceland shall ensure that the personal data received are protected against accidental or unlawful destruction, accidental loss or unauthorised disclosure, alteration and access or any other unauthorised form of processing at a level at least equivalent to the principles laid down in Article 22 of the Eurojust Decision. Iceland shall put in place protective technical measures and organisational arrangements at least equivalent to those of Eurojust.

Article 15

Rights of data subjects

Data subjects shall have the right of access to, and to request the correction, blocking or deletion of personal data concerning them, processed by Eurojust in accordance with the principles and rules of the Eurojust Decision.

Article 16

Correction and deletion of personal data

1. At the request of the contact point to Eurojust or the liaison prosecutor and under his or her responsibility, Eurojust shall, in accordance with the Eurojust Decision and the Eurojust rules of procedure on data protection, correct, block or delete personal data supplied by Iceland if they are incorrect or incomplete or if their input or storage contravenes this Agreement. Eurojust shall confirm the correction, blocking or deletion to Iceland.
2. Where Eurojust notes that personal data transmitted to Iceland are incorrect or incomplete or if their input or storage contravenes this Agreement or the Eurojust Decision, it shall request the contact point to Eurojust or the liaison prosecutor to take necessary steps to correct, block or delete the data. Iceland shall confirm the correction, blocking or deletion to Eurojust.
3. In the cases referred to in paragraphs 1 and 2, all the suppliers and addressees of such data

- shall be notified immediately. In accordance with the rules applicable to them, the addressees shall then correct, block or delete those data in their own systems.
4. Iceland shall apply principles for the correction, blocking and deletion of personal data supplied by Eurojust at least equivalent to the principles laid down in Article 20 of the Eurojust Decision and in the Eurojust rules of procedure on data protection.
 5. When the College is dealing with the processing of data involving individuals under Icelandic jurisdiction in accordance with Article 17(4) of the Eurojust Decision, the liaison prosecutor or other Icelandic prosecutorial authorities, including the contact point to Eurojust, may participate in the meeting of the College.

Article 17

Liability

1. Iceland shall be liable, in accordance with its national law, for any damage caused to an individual as a result of legal or factual errors in data exchanged with Eurojust. Iceland shall not claim that Eurojust had transmitted inaccurate data in order to avoid its liability under its national legislation vis-à-vis an injured party.
2. Without prejudice to Article 24 of the Eurojust Decision, if legal or factual errors occurred as a result of data erroneously communicated by Eurojust or one of the Member States of the European Union or another third state or third body, Eurojust shall be bound to repay, upon request, the amounts paid as compensation under paragraph 1, unless the data were used in breach of this Agreement. The provisions of this paragraph shall also apply where the legal or factual errors occurred as a result of failures on the part of Eurojust or one of the Member States of the European Union or another third state or third body to comply with its obligations.
3. In cases where Eurojust is obliged to repay to Member States of the European Union or another third state or third body amounts awarded as compensation for damages to an injured party, and the damages are due to Iceland's failure to comply with its obligations under this Agreement, Iceland shall be bound to repay on request the amounts which Eurojust paid to a Member State or to another third state or third body to make up for the amounts it paid in compensation.
4. The Parties shall not require each other to pay compensation for damages under paragraphs 2 and 3 to the extent that the compensation for damages was enforced as punitive, increased or other non-compensatory damages.

Article 18

Settlement of disputes

1. Any dispute between the Parties concerning the interpretation or application of this Agreement, or any question affecting the relationship between the Parties which is not settled amicably, shall be referred for final decision to a tribunal of three arbitrators at the request of either Party to the dispute. Each Party shall appoint one arbitrator. The third arbitrator, who shall be chairman of the tribunal, is to be chosen by the first two arbitrators.
2. Unless the Parties agree otherwise, the tribunal shall determine its own procedure.
3. The tribunal shall reach its decision by a majority of votes. The chairman shall have the deciding vote. The decision shall be final and binding on the Parties to the dispute.
4. Each Party reserves the right to suspend its obligations under this Agreement where the procedure laid down in this Article is applied or might be applied in accordance with paragraph 1, or in any other case where a Party is of the opinion that the obligations incumbent on the other Party under this Agreement have been breached.

Article 19

Termination of the Agreement

1. This Agreement may be terminated by each Party with three months' notice.
2. In case of termination, the Parties shall reach agreement on the continued use and storage of the information that has already been communicated between them. If no agreement is

reached, either of the two Parties is entitled to request deleting the information which has been communicated.

Article 20

Amendments

1. This Agreement may be amended by mutual consent between the Parties at any time in accordance with their respective statutory requirements.
2. The Parties shall enter into consultations with respect to the amendment of this Agreement at the request of either of them.

Article 21

Entry into force

This Agreement shall enter into force on the date on which the Parties have notified each other in writing that their legal requirements have been complied with.

Done at Brussels this 2nd day of December two thousand and five in duplicate in the Icelandic and English languages, each text being equally authentic.

For Eurojust

Michael KENNEDY
President of the College
of Eurojust

For the Republic of Iceland

Björn BJARNASON
Minister of Justice and
Ecclesiastical Affairs